STJÓRNARTÍÐINDI B 98 – 2000

14. september 2000 1965 Nr. 661

SAMÞYKKT

um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúans í Reykjavík.

1. gr.

Byggingarfulltrúinn í Reykjavík afgreiðir, án staðfestingar skipulags- og byggingarnefndar, mál er falla undir skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum, og skilgreind eru sem verkefni byggingarnefnda í lögunum.

2. gr.

Undanskilin frá afgreiðslum samkv. 1. gr. eru nýbyggingar, byggingarskilmálar, nafngiftir á götum, vegum og torgum, ásamt beitingu ákvæða í VI. kafla laganna eftir því sem við á, sbr. þó heimildarákvæði 4. mgr. 3. gr. samþykktar fyrir skipulags- og byggingarnefnd. Nefndin getur ákveðið að fela byggingarfulltrúa afgreiðslu vegna einstakra nýbygginga.

3. gr.

Mál er falla undir 1. gr. afgreiðir byggingarfulltrúi og getur hann gefið út byggingarleyfi að uppfylltum ákvæðum laganna og þeirra reglugerða, sem settar eru á grundvelli þeirra, úthlutunar- og skipulagsskilmálum og öðrum samþykktum Reykjavíkurborgar um byggingarmál.

4. gr.

Framangreindar afgreiðslur byggingarfulltrúa skulu lagðar fram á næsta reglulega fundi skipulags- og byggingarnefndar og bókaðar í fundargerð og hljóta afgreiðslu borgarstjórnar með sama hætti og samþykktir skv. IV. kafla skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Synji byggingarfulltrúi erindis skulu þó líða a.m.k. 14 dagar þar til hann leggur málið fram í byggingarnefnd.

5. gr.

Um afgreiðslur byggingarfulltrúa gilda, eftir því sem við á, ákvæði skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, ásamt ákvæðum í þeim reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna.

6. gr.

Telji einhver rétti sínum hallað með afgreiðslu byggingarfulltrúa eða byggingarfulltrúi synjar erindis, er honum heimilt að skjóta máli sínu til skipulags- og byggingarnefndar innan 14 daga frá afgreiðslu byggingarfulltrúa.

B 133
Gutenberg

Enn fremur er hægt að skjóta málinu til úrskurðarnefndar, sbr. 4. mgr. 39. gr. skipulags- og byggingarlaga.

7. gr.

Ofangreind samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur staðfestist hér með skv. 1. gr. laga nr. 117/1999 um breytingu á skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum, til að öðlast gildi 1. október 2000. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 121/2000 um afgreiðslu byggingarfulltrúans í Reykjavík á tilteknum verkefnum án staðfestingar byggingarnefndar.

Umhverfisráðuneytinu, 14. september 2000.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurður Á. Þráinsson.

Nr. 662 15. september 2000

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 456/1994 um fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum, sbr. síðari breytingar.

1. gr.

Við tölulið nr. 5 í 2. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 456/1994 bætast tvær nýjar mgr. sem hljóða svo:

Óheimilt er, vegna rannsókna á vetrarafföllum rjúpna, að veiða rjúpu árið 2000 á svæði austan Eyjafjarðar sem afmarkast af strönd Eyjafjarðar í vestri, vegi um Víkurskarð í suðri, Fnjóská í austri og slóða norður á Flateyjardal til sjávar. Norðurmörkin fylgja ströndinni.

Þá er óheimilt, vegna rannsókna á vetrarafföllum rjúpna, að veiða rjúpu árið 2001 á svæði vestan Eyjafjarðar sem afmarkast af strönd Eyjafjarðar í austri, Hörgá í suðri og síðan Barká í Barkárjökul. Vesturmörkin eru sýslumörk Skagafjarðar og Eyjafjarðar frá Barkárjökli og áfram norður í sjó í Hvanndalabjargi. Norðurmörkin fylgja síðan strandlínu.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í 7. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 15. september 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Sigurður Á. Þráinsson.

Stjórnartíðindi B 98, nr. 661–662. Útgáfudagur 15. september 2000.

Endurprentað blað.